

**433. fundur fræðslunefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 14.**  
**október 2021 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónas Þór Birgisson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Þóra Marý Arnórsdóttir, Magnús Einar Magnússon aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir formaður og Finney Raket Arnadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Nanný Arna Guðmundsdóttir.

**Embættismenn:**

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti fræðslunefndar 2020-2021 - 2020090032**

Farið yfir verkefnalista fræðslunefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. Reglur um umsókn og innritun í grunnskóla Ísafjarðarbæjar - 2021100028**

Lögð fram drög að reglum um umsóknir og innritun í grunnskóla Ísafjarðarbæjar. Einnig kynnt bréf forráðamanns þar sem óskað er eftir tvöfaldri skólavist barns.

*Fræðslunefnd vísar reglum um umsókn og innritun í grunnskóla Ísafjarðarbæjar til bæjarstjórnar til samþykktar. Reglur um tvöfalda skólavist lagðar fram og starfsmönnum skóla- og tómstundasviðs falið að vinna málið áfram.*

**3. Afsláttur á dagvistargjöldum í leikskóla. - 2021090081**

Kynnt drög að reglum er varða afslátt á dagvistargjöldum í leikskólum Ísafjarðarbæjar.

*Fræðslunefnd samþykkir að breyta reglum um afslátt á dagvistargjöldum fyrir foreldra í námi utan vinnumarkaðar. Starfsmönnum skóla- tómstundasviðs falið að uppfæra reglur og leggja fyrir næsta fund fræðslunefndar.*

**4. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011**

Lagt fram til umræðu aðalskipulag Ísafjarðarbæjar.

*Starfsmenn skóla- og tómstundasviðs vinna áfram með stefnumótun aðalskipulags og senda texta á nefndarmenn.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:55**

---

Þóra Marý Arnórsdóttir

---

Magnús Einar Magnússon

---

Elísabet Samúelsdóttir

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Guðrún Birgisdóttir

---

Hafdís Gunnarsdóttir